

## L Ö G

116

28. des.

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. málsg. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 28. desember 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

117

28. des.

um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 4., 5., 6. og 7. málsg. 6. gr. laganna komi ein málsg., svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951 miðað við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

1., 2. og 3. málsg. 11. gr. laganna falli niður.

Áfallin framleiðslu- og útflutningsgjöld samkvæmt þessum málsgreinum skulu ekki innheimt. Enn fremur skal endurgreiða þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd ríkissjóði samkvæmt þessum málsgreinum.

4. málsg. sömu lagagreinar orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á allar sildarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneðis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til sildardeildar hluttryggingarsjóðs bátaútvegsins.

117

28. des.

- a. Fyrir orðin „Á árinu 1950“ í upphafi 12. gr. laganna komi: Fyrir febrúarlok 1951.  
 b. Þriðji málsliður 9. málgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi.

- c. Á undan síðasta másl. sömu málgr. komi:

Nú á félag eignarhlut í öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutfé eða stofnfé meðtöldu.

## 4. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði hans má þó áfrýja til ríkisskattaneftndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattaneftndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6 1935.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

118

28. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

42. grein laganna falli niður.

## 2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 11. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*